

FRAMKÖLLUN FÆÐINGAR

Framköllun fæðingar er boðin þegar álitid er að heilsu móður og/eða barns sé betur tryggð með því að flýta fæðingu. Þegar ákveðið hefur verið að framkalla fæðingu sendir ljósmóðir eða læknir beiðni eða hefur samband á væntanlegan fæðingarstað. Ljósmóðir á fæðingarstað hefur síðan samband við konuna varðandi dagsetningu, tíma og hvert konan mætir.

HELSTU ÁBENDINGAR

- Meðgöngulengd
- Meðgöngusykursýki
- Háþrýstingur
- Meðgöngueitrun
- Vaxtarseinkun fósturs
- Aldur móður 40 ára og eldri
- Blóðflokkmisræmi
- Alvarlegur gallstasi
- Sálfélagslegar ástæður
- Fjölburar

AÐFERÐIR VIÐ FRAMKÖLLUN FÆÐINGAR

Algengast er að framkalla fæðingu með lyfjum. Lyfið Angusta® sem er notað er tekið um munn. Konur svara meðferðinni misfljótt, sumar konur fá byrjandi samdrætti eða túrverki innan fárra tíma, hjá öðrum tekur það lengri tíma. Ef hríðar hefjast ekki á fyrsta sólarhring heldur meðferðin áfram næsta sólarhringinn. Ef ekki eru komnar hríðar eftir 2 sólarhringa gæti þurft að endurskoða gangsetningaraðferðina.

Í ákveðnum tilfellum er fæðing framkölluð með því að setja legg með litlum belg upp í gegnum leghálsinn og leghálsinn víkkaður þannig. Þessi aðferð er notuð ef ör er á legi t.d. eftir keisarafæðingu.

Stundum er hægt að gera belgjarof strax t.d. ef leghálsinn er byrjaður að mýkjast og opnast.